

# MANNRÉTTINDABROT NEI TAKK

Para-  
verkefni

K  
J  
A  
R  
N  
I

Kynnið ykkur mannréttindabrot í heiminum og hvernig brotið hefur verið á ákveðnum hópum í gegnum tíðina. Veljið ykkur einn ákveðinn flokk slíkra brota og lesið ykkur vel til um hann. Skrifið með ykkar eigin orðum um slík brot.

Finnið svo reynslusögu einstaklings, hóps eða hópa sem hefur/hafa orðið fyrir slíku.

Segðið með ykkar orðum frá um hvað reynslusagan fjallar.

Reynið að setja ykkur í spor viðkomandi.

Verkefnið þarf að ítarlegt og vel sett upp svo hægt sé að halda 5-7 mín kynningu.

**ATH. KYNNING:** 16. nóvember haldið þið kynningu fyrir kennara og samnemendur ykkar. Þar sem þið kynnið ykkar viðfangsefni. Kynningin þarf að vera undirbúin og skipulögð.

Afurð: Slides inn á google heimasíðunni ykkar.

## Viðmið um árangur:

- Ég get fjallað um mannréttindabrot á skipulegan hátt.
- Ég get unnið vel með öðrum.
- Ég get flutt fyrirlestur og talað fyrir framan aðra.

## Hæfniviðmið:

### Að nemandi geti:

- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

